





## [VERJUMST VATNSTJÓNI]

# Ert þú með allt á þurru?



Milljarða eignatjón, óþægindi og jafnvel heilsutjón verður vegna vatnsleka, raka og myglu á íslenskum heimilum ár hvert. Sumt af því bæta tryggingafélögin. Annað sitja heimilin uppi með.

Almenningur getur dregið verulega úr tjóni vegna vatnsleka. Annars vegar er unnt að grípa til margvíslegra ráðstafana til að minnka líkur á að vatnstjón verði á heimilum. Hins vegar geta fyrstu viðbrögðin við leka skipt sköpum um afleiðingarnar.



## Viðhald og endurnýjun – fúsk getur verið dýrkeypt!


Látið löggilta fagmenn ávallt annast pípulagnir og frágang í votrymum, svo sem múrverk, flísalögn og dúklögn. Það borgar sig einfaldlega. Hafið fagmenn einnig með í ráðum við val á efnum og tækjum.

Fylgjast þarf með og bregðast við einkennum um leka eða skemmdar lagnir, svo sem breyttum lit á málningu, áferð parkets, bólum í málningu, múr eða dúk, lykt eða breytingu á lit og bragði vatns. Leki frá ofnum er algeng orsök vatnstjóns. Því þarf að fylgjast með ástandi þeirra og bregðast við, til dæmis ef fram kemur ryð eða kalkútfellingar á samskeytum og ef ofnakanar virka ekki sem skyldi.

Hafið samband við fagmann ef grunur leikur á að þörf sé á endurnýjun á lögnum og tækjum eða frágangi í votrymum.

Mjög mikilvægt er að lagnagrind sé yfirfarin reglulega. Í henni eru meðal annars öryggisloki og þrýstijafnari sem prófa þarf og skipta um ef virkni reynist skert. Mælt er með því að fá fagmann til slíks eftirlits ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.





## Eldhús, bað og þvottahús

Alltof algengt er að vatnstjón verði í votrymum íbúða. Í eldhúsi, á baði og í þvottahúsi þarf að gæta að fúgum milli flísa og þéttingum í kringum sturtubotn, baðkar og vaska og endurnýja eftir þörfum.

### Gætið jafnframt að eftirfarandi:

- Ráðlegt er að hafa vatnsskynjara í eldhúsi, sérstaklega þar sem er að finna uppþvottavél, klakavél eða kaffivél sem er beintengd vatni. Einnig í baðherbergi og þvottahúsi, einkum ef niðurfall er ekki í gólfi. Vatnsskynjara er unnt að tengja við öryggiskerfi.
- Æskilegt er að skrúfað sé fyrir vatn þegar notkun þvotta- og uppþvottavéla er lokið. Eindregið er ráðlagt að gera það sé heimilið yfirgefið í lengri tíma, svo sem vegna sumarleyfa.
- Hafið þessar vélar aðeins í gangi þegar einhver er heima.
- Fylgjast þarf með tengingum lagna við vaska og vélar sem taka inn á sig vatn.
- Sé sírennsli í salerni þarf að stöðva það. Sírennsli veldur raka á lögnum sem getur skemmt bæði lagnirnar og nánasta umhverfi þeirra.
- Festa þarf frárennslisstúta þvotta- og uppþvottavéla vel og tryggja að frárennslisstútur þvottavélar nái yfir miðja hæð hennar svo hún tæmi sig eðlilega.
- Fylgjast þarf vel með þegar látið er renna í bað, vaska og sturtu.



## Lagnakerfið - umhirða og eftirlit

Vatnslagnakerfi húsa skiptast í grófum dráttum í hitakerfi, neysluvatn og fráveitu. Mikilvægt er að einn til tveir heimilismenn hafi lágmarksþekkingu til að sinna umhirðu og eftirliti með kerfunum.

Allir fullorðnir og stálpaðir heimilismenn þurfa að vita hvar á að loka fyrir vatnsinntök. Þau þurfa að vera merkt (heitt vatn/kalt vatn) og vel aðgengi-leg. Merkingar á vatnsinntök fást meðal annars í verslunum með lagnaefni. Niðurfall á að vera í gólfi þar sem vatnsinntök eru.

Hreinsa á gólfniðurföll árlega og gæta þess að vatn komist óhindrað að þeim. Sjá þarf til þess að niðurföll í vöskum, baði og sturtu séu hrein.

## Viðhald og umhirða utandyra

Mikilvægt er að sinna viðhaldi utandyra vel. Tryggja þarf að vatn eigi ávallt greiða leið um niðurföll frá þökum, svölum og við kjallaradyr. Hreinsið lauf frá niðurföllum, ekki síst á haustin. Sýna ber sérstaka varúð þegar spáð er asahláku.


Rakablettir í gluggum og við dyr benda til þess að viðhalds sé þörf. Vatn sem berst utan frá með gluggum, dyrum og sprungum getur skemmt lagnir og önnur byggingarefni í veggjum og valdið verulegu tjóni.

## Viðbrögð við vatnstjóni

- 1.** Lokið strax fyrir vatnsinntak. Þannig má koma í veg fyrir tjón eða draga úr því.
- 2.** Gætið fyllstu varúðar þar sem heitt vatn flæðir vegna hættu á húðbruna.
- 3.** Hringið í neyðarnúmerið **112** ef þið ráðið ekki sjálf við aðstæður eða teljið að fólki sé hættu búin.
- 4.** Hafið strax samband við tryggingafélagið til að draga úr frekara tjóni, láta meta það, skoða möguleika á þurrkun og hefja endurbætur.

## Raki og mygla

Raki og hiti eru kjöraðstæður fyrir myglu. Þar sem raki kemst í byggingarefni er hættu á að mygla og rakasæknar lífverur nái að vaxa upp á skömmum tíma. Mikilvægt er því að bregðast við og þurrka eftir leka og vatnstjón. Tryggja þarf loftskipti á hverjum degi, ekki síst í votrýmum eins og eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi.



Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni var stofnaður í lok árs 2013. Aðilar að honum eru:

Félag dúklagna- og veggfóðrarmeistara, Félag pípulagningameistara, IÐAN fræðslusetur, Mannvirkjastofnun, Múrarmeistarafélag Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök um loftgæði, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., TM hf., VÍS hf. og Vörður tryggingar hf.

Texti og umsjón: Garðar H. Guðjónsson. Grafísk hönnun: Sigrún Sigvaldadóttir.

Myndir: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir. Prentun: Svansprent – febrúar 2014.